

Rökkurdagar

Rökkurdagar er menningar- og listahátíð Grundfirðinga. Hátíðin er haldin á haustin og er undirbúningur í höndum menningarnefndar ásamt markaðs- og menningarfulltrúa bæjarins. Hátíðin hefur verið með fjölbreyttu sniði en markmið hennar er að Grundfirðingar komi saman og njóti menningar og listviðburða af sem fjölbreyttustu tagi. Þá er hefð fyrir að láta loga á útkerti við heimili bæjarins.